



Laufey Valdimarsdóttir gegn Bjarna Benediktssyni. Útskrift úr dómabók Reykjavíkur 1938

Bjarni Benediktsson – Laufey Valdimarsdóttir gegn Bjarna Benediktssyni. Útskrift úr dómabók
Reykjavíkur 1938

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Ú T S K R I F T

úr

D Ó M A B Ó K

R E Y K J A V Í K U R

o-----o-----

Ár 1938, laugardaginn 19. mars var í bæjarþingi Reykjavíkur í málinu nr. 10//1938

Laufey Valdimarsdóttir

gegn

Bjarna Benediktssyni

kveðinn upp svohljóðandi

dómur:-

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ.m., er, eftir árangurslausu sáttumleitun, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 28. f.m. af Laufeyju Valdimarsdóttur, hjer í bæ, gegn prófessor Bjarna-Benediktssyni, Lögaveg 66, hjer í bænum.

Málavexti kveður stefnandi þá, að á fundi framfærslunefndar Reykjavíkur 17. f.m. hafi stefndur í máli þessu viðhaft þau ummæli um sig, að hún væri "lygari". Telur stefnandi ummæli þessu mjög meiðandi og móðgandi fyrir sig og krefst þess því, að ummælin verði dæmd dauð og ómerk, að stefndur verði dæmdur í selt fyrir þau og loks, að hann verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu skv. mati rjettarins.

Stefndur hefir hvorki mætt nje látið mata og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 35, 1936 að dæma málið eftir því sem samrýmanlægt er framlögðum skjölum og skilríkjum.

Verður þannig að telja að stefndur hafi viðhaft hið tilvitn-

aða orð um stefnöndu á þeim stað og þeirri stundu er hún tilgreinir. Og þar sem fallast verður á það með henni að hið átalda orð sje ærumeiðandi fyrir hana og það samkvæmt framan- sögðu hefir á engan hátt verið rjettlætt, þykir verða að ómerkja orðið "lygari" og refsa stefndum fyrir það. Með tilliti til þess að ummælin voru viðhöfð á fundi í fámennri nefnd, þykir refsing- in, skv. 218. gr. hinna almennu hegningarlaga, hæfilega ákveðin 75 kr. sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfræstur í máli þessu er liðinn, 6 daga einfalt fangelsi.

Eftir þessum málalokum verður stefndum og gert að greiða stefnöndu málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 50.00.

Því dæmist rjett vera:

Framangreint meiðandi og móðgandi orð skal vera dautt og ómerkt.

Stefndur, prófessor Bjarni Benediktsson, greiði 75 kr. sekt í ríkissjóð og komi í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd áður en aðfararfræstur í máli þessu er liðinn, 6 daga einfalt fangelsi.

Svo greiði stefndur og stefnöndu, Laufeyju Valdimars- dóttur, kr. 50.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirt- ingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Björn Þórðarson

Rjetta útskrift staðfestir.

Skrifstofu lögmansins í Reykjavík 5. apríl 1938.

Gjald:

Ritlaun	1.10
Stimpilgj.	0.65

Kr. 1.75

-ein króna sjöfju og fimm

aurar-

Greitt.

Tildandur málskostnaður skv. framantíðum
lomi, kr. 50.00 er oss í dag að fullu greiddur.

Reykjavík 6. maí 1938

Stefán Jóh. Stefánsson

S. Sigurðsson

Guðm. Guðmundsson

land. jur.